

Forfallatrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit

1. gr.	Hvað vátryggingin bætir:	3
2. gr.	Ákvæði um töku vátryggingarinnar:	3
3. gr.	Gildistími – reglur um greiðslu iðgjalds	3
4. gr.	Vátryggingin bætir ekki:	3
5. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar	3
6. gr.	Réttur félagsins til uppsagnar á vátryggingartímanum	4
7. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	4
8. gr.	Brot á varúðarreglum	4
9. gr.	Tilkynning um tjón - greiðsla bóta	4
10. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning	4
11. gr.	Tvítrygging	5
12. gr.	Ágreiningur	5
13. gr.	Varnarþing	5
14. gr.	Vernd persónuupplýsinga	5

1. gr. Hvað váttryggingin bætir:

Váttryggingin bætir þann hluta fargjalds sem greiddur hefur verið og ekki fæst endurgreiddur frá ferðaskrifstofu eða flugfélagi, ef váttryggður getur ekki farið í fyrirhugaða ferð vegna:

- dauðsfalls, skyndilegs alvarlegs sjúkdóms eða skyndilegs alvarlegs slyss hans sjálfs, maka hans eða sambýlismanns, barna hans, tengdabarna hans eða barnabarna, foreldra hans eða tengdaforeldra, afa, ömmu eða systkina hans;
- verulegs eignatjóns á heimili eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega (lögregluskýrsla liggja fyrir).

2. gr. Ákvæði um töku váttryggingarinnar:

Það er skilyrði fyrir gildistöku váttryggingarinnar að:

- váttryggingin sé keypt sama dag og staðfestingargjald er greitt eða fullnaðargreiðsla farseðils fer fram og ekki seinna en 7 dögum fyrir brottför;
- váttryggingartaka sé ekki kunnugt um tjón eða hafi grun um yfirvofandi tjón sem bótaskyld er úr váttryggingunni.

3. gr. Gildistími – reglur um greiðslu iðgjalds

Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskirteini eða iðgjaldskvittun. Váttryggingin er skammtímatrygging og endurnýjast ekki.

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi enda sé ekki um annan gjalddaga samið. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar úr gildi, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.

4. gr. Váttryggingin bætir ekki:

- þá endurgreiðslu sem fæst frá ferðaskrifstofu eða flugfélagi;
- tjón, sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða. Sama gildir um tjón sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara;
- tjón sem verða eftir að ferð er hafin;
- tjón sem verða vegna niðurfellingar eða seinkunar áætlunarferðar;
- tjón sem verða vegna sjúkdóms, sem váttryggður var haldinn, er váttryggingin var keypt;
- tjón sem verða vegna fjárskuldbindinga við flutningsaðila, ferðaskrifstofu, hótél eða aðra ef engar greiðslur hafa farið fram.

5. gr. Brot á upplýsingaskyldu - Svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 6. gr. skilmála þessara.

6. gr. Réttur félagsins til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
3. ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan;
4. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.

7. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði**Ásetningur**

Ef váttryggður hefur af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

8. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi váttryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingaratburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

9. gr. Tilkynning um tjón - greiðsla bóta

Tilkynna skal tjón þegar í stað og framvísa læknisvottorði eða lögregluskýrslu ásamt staðfestingu söluaðila farseðils á greiðslu og að fargjald fái ekki endurgreitt að hluta eða öllu leyti.

Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða upphæð bótanna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

10. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

11. gr. Tvíttrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag, sem bætir tjónið, getur endurkrafíð önnur félög hlutfallslega.

12. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfsvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

13. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

14. gr. Vernd persónuupplýsinga

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingavernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006 og koma í stað skilmála þeirra sem giltu frá 1. maí 1998.

[Efst á skjal](#)